



# Fundargerð 246.fundar

## Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 6. nóvember 2019 kl. 16.00 kom stjórn Hafnasamlags Norðurlands bs saman til fundar í hafnahúsinu við Fiskitanga á Akureyri.

Fundinn sátu: Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður, Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður, Axel Grettisson, Eva Hrund Einarasdóttir, Ólína Freysteinsdóttir, Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir og Ólafur R. Ólafsson.

Að auki sat fundinn: Pétur Ólafsson hafnastjóri.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

### 1. Fjárhagsáætlun HN 2020, síðari umræða

Fjárhagsáætlun 2020 tekin til síðari umræðu. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

### 2. Framkvæmdaáætlun 2020, síðari umræða

Hafnarstjóri lagði fram drög að framkvæmdaáætlun fyrir árið 2020. Helstu verkefni eru: Tangabryggja þekja og lagnir, Torfunefsbyggja, flotbyggjur í minni höfnum ásamt bættari aðstöðu fyrir þjónustuaðila skemmtiferðaskipa á Oddeyrartanga ásamt viðbyggingu við hafnahús. Heildarupphæð framkvæmda er áætluð 672,6 mkr. Og hlutur HN í verkunum er áætlaður 456,6 mkr. Stjórn HN samþykkir framlagða tillögu.

### 3. Orkey ehf.

Hafnasamlagi Norðurlands hefur borist erindi frá Norðurorku um kaup fyrirtækisins á hlut HN í Orkey ehf. Rekstur fyrirtækisins hefur verið mjög þungur og ljóst að aðgerða er þörf. Það er mat stjórnar HN að Orkey sé í góðum höndum hjá Norðurorku og samþykkir því framlagt kauptilboð.

### 4. Staða framkvæmda – Hafnahús viðbygging.

Verkið hafnahús viðbygging var auglýst aftur og verða tilboð opnuð 7. nóvember. Hafnarstjóra falið að undirbúa úrvinnslu tilboða.

### 5. Önnur mál.

#### a. Samfélagsstyrkur Hafnasamlags Norðurlands bs 2020

Samþykkt að veita Aflinu, samtökum gegn kynferðis- og heimilisofbeldi 80.000 samfélagsstyrk HN fyrir árið 2019.

Engin önnur mál.

**Fundagerðin yfirfarin og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.**

Fundi var slitið kl. 17:35

Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður

---

Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður

---

Axel Grettisson

---

Eva Hrund Einarsdóttir

---

Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir

---

Ólína Freysteinsdóttir

---

Ólafur Ólafsson

---

Pétur Ólafsson hafnarstjóri

---